

**Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 772/2010 um upplýsingaþjónustu flugmála**

1. gr.

Við 9. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi ný 3. mgr:

Þrátt fyrir ákvæði í viðauka um útgáfu Flugmálahandbókar á pappír er heimilt að gefa handbókina út í rafrænu formi eingöngu, enda sé kröfum um útgáfuna að öðru leyti fylgt.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 57. gr. a., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júní 2017.

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu, . maí 2017.

**Jón Gunnarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir*